



Reglur um birtingu fylgigagna með fundargerðum sveitarstjórnar á heimasíðu Grímsnes- og Grafningshrepps.

1. Almenn fylgigögn með málum til afgreiðslu á sveitarstjórnarfundum skal birta á heimsíðu Grímsnes- og Grafningshrepps. Skulu þau að öllu jöfnu staðsett undir viðkomandi dagskrárlið.
2. Fylgigögn eru sett inn á sama tíma og fundargerð sveitarstjórnar og skal það gerast eins fljótt og auðið er eftir að sveitarstjórnarfundur lýkur.
3. Með sama hætti og í 1. tölulið skal birta með fundargerðum gögn sem lögð eru fram til kynningar á sveitarstjórnarfundum.
4. Ekki eru birt á heimasíðu gögn sem falla undir undanþágur og takmarkanir í 6.–10. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, s.s. gögn um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari sem og gögn sem lögbundin þagnarskylda gildir um.
5. Ef aðili sem sendir inn erindi til sveitarstjórnar óskar eftir að gögn því tengd verði ekki birt á heimsíðu skal sveitarstjórn fjalla um það sérstaklega.
6. Reglur þessar taka gildi við samþykkt sveitarstjórnar.

Samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps 1. júní 2022